

Starfsmenntasjóður verslunarinnar

Ársreikningur

2017

Starfsmenntasjóður verslunarinnar

Ársreikningur

2017

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Starfsmenntasjóðs verslunarinnar.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsmenntasjóð verslunarinnar fyrir árið 2017.

Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Starfsmenntasjóði verslunarinnar, í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórn og stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og stjórnendur eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og stjórnendur eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og stjórnendur ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Starfsmenntasjóðs verslunarinnar. Ef við á, skulu stjórn og stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Næganlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórn og stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar. Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 30. maí 2018.

Deloitte ehf.


Pálína Arnadóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Rekstrarafgangur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar á árinu 2017 nam kr. 20.965.379 Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sjóðsins kr. 167.463.458, bókfært eigið fé í árslok er kr. 166.166.977 og er eiginfjárlutfall félagsins 99%.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Starfsmenntasjóðs verslunarinnar að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Starfsmenntasjóðs verslunarinnar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. maí 2018

Í stjórn

~~INNÞINGISSTJÓRN~~
Elma Kristjánsdóttir
Anna Kristjánsdóttir
Þjarnar Lára Lára

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Iðgjöld		42.246.657	38.524.980
Úthlutaðir styrkir	3	<u>(20.820.171)</u>	<u>(26.437.562)</u>
Iðgjöld umfram styrki		21.426.486	12.087.418
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		<u>(4.581.639)</u>	<u>(2.588.522)</u>
Rekstrarhagnaður		16.844.847	9.498.896
Fjármunatekjur	4	5.150.128	6.175.583
Fjármagnstekjuskattur		<u>(1.029.596)</u>	<u>(1.234.602)</u>
Rekstrarafgangur ársins		<u><u>20.965.379</u></u>	<u><u>14.439.877</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	5	3.700.235	2.804.247
Handbært fé	5	163.763.223	143.248.551
		<u>167.463.458</u>	<u>146.052.798</u>
Eignir		<u>167.463.458</u>	<u>146.052.798</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnframlag VR	6	8.964.350	8.964.350
Óráðstafað eigið fé		157.202.627	136.237.248
Eigið fé		<u>166.166.977</u>	<u>145.201.598</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	7	1.296.481	851.200
Skuldir		<u>1.296.481</u>	<u>851.200</u>
Eigið fé og skuldir		<u>167.463.458</u>	<u>146.052.798</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		16.844.847	9.498.896
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda		(450.707)	2.341.235
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>16.394.140</u>	<u>11.840.131</u>
Innborgaðaðar vaxtatekjur		5.150.128	6.175.583
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(1.029.596)	(1.234.602)
Handbært fé frá rekstri		<u>20.514.672</u>	<u>16.781.112</u>
 Hækkun handbærs fjár		20.514.672	16.781.112
Handbært fé í upphafi árs		<u>143.248.551</u>	<u>126.467.439</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>163.763.223</u></u>	<u><u>143.248.551</u></u>

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunarinnar var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli VR og LÍV annars vegar og FA hins vegar sem tók gildi þann 1. febrúar árið 2000.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Innheimt iðgjöld á tímabilinu eru tekjufærð sem iðgjöld tímabilsins. Óinnheimt iðgjöld í árslok 2017 eru ekki reiknuð.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Helstu aðilar sem eru tengdir félaginu eru VR og FA

3. Styrkveitingar

Úthlutaðir styrkir skiptast þannig:

Styrkir til starfsmanna aðildarfyrirtækja:	2017	2016
VR	18.651.559	21.463.320
FVSA	363.300	144.093
Fræðslustjóri að láni	0	1.290.000
Fræðslustyrkir FA	1.305.312	3.540.149
Þróunarstyrkir	500.000	0
Samtals úthlutaðir styrkir	20.820.171	26.437.562

Skýringar

4. Fjármunatekjur

	2017	2016
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	5.148.020	6.173.056
Vaxtatekjur af félagsgjöldum og iðgjöldum	2.108	2.527
	<u>5.150.128</u>	<u>6.175.583</u>

5. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2017	31.12.2016
Lífeyrissjóður Verslunarmanna	2.895.702	2.804.247
F.V.S. Akureyri	62.045	0
VR	742.488	0
	<u>3.700.235</u>	<u>2.804.247</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2017	31.12.2016
Bankainnstæður	163.763.223	143.248.551

6. Eigið fé

	Stofnfé VR	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2016	8.964.350	121.797.371	130.761.721
Rekstrarafgangur/(tap) ársins	0	14.439.877	14.439.877
Eigið fé 31.12.2016	8.964.350	136.237.248	145.201.598
Rekstrarafgangur/(tap) ársins	0	20.965.379	20.965.379
Eigið fé 31.12.2017	<u>8.964.350</u>	<u>157.202.627</u>	<u>166.166.977</u>

7. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2017	31.12.2016
Skuld við VR	1.264.393	851.200
Skuld við F.V.S Akureyri	32.088	0
	<u>1.296.481</u>	<u>851.200</u>

Skýringar

8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2017:	Iðgjöld	Úthlutaðir styrkir	Kröfur	Skuldir
VR	8.310.549	18.651.559	742.488	796.481
Lífeyrissjóður verslunarmanna	33.242.187	0	2.895.702	0
	41.552.736	18.651.559	3.638.190	796.481
Viðskipti við tengd félög árið 2016:	Iðgjöld	Úthlutaðir styrkir	Kröfur	Skuldir
VR	7.569.114	21.463.320	0	819.112
Lífeyrissjóður verslunarmanna	30.276.443	0	2.804.247	0
	37.845.557	21.463.320	2.804.247	819.112

Sundurliðanir

	2017	2016
Seldar vörur og þjónusta		
Innheimt iðgjöld LV	33.242.187	30.276.443
Innheimt iðgjöld hjá FVSA	555.135	537.340
Iðgjöld framlag VR	8.310.549	7.569.114
Iðgjöld framlag FVSA	138.786	142.083
	<u>42.246.657</u>	<u>38.524.980</u>
Styrkir		
Fræðslustyrkir VR/LÍV	18.651.559	21.463.320
Fræðslustyrkir FA	1.305.312	3.540.149
Fræðslustyrkir FVSA	363.300	144.093
Fræðslustjóri að láni	0	1.290.000
Þróunarstyrkir	500.000	0
	<u>20.820.171</u>	<u>26.437.562</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Endurskoðun og reikningsskil	344.872	288.183
Önnur aðkeypt þjónusta	234.941	0
Fundir og ráðstefnur	(63.854)	81.246
Innheimtukostnaður	847.709	773.028
Þóknun greidd til FA	3.217.971	1.446.015
Annar kostnaður	0	50
	<u>4.581.639</u>	<u>2.588.522</u>